



Náttúruverndarstofnun
Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 3.6.2025
Málsnúmer: 202505-0049
IAS

Efni: Fyrirhugaðar bakkavarnir við Miðfoss í Laxá í Aðaldal

Vísað er til erindis Náttúruverndarstofnunar, dagsett 28. maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um leyfi til framkvæmda við bakkavarnir við Miðfoss í Laxá í Aðaldal.

Brotnað hefur úr bakka við veiðistað sem nefndur er Miðfosspollur. Áin hefur runnið yfir lítinn hólma sem liggur norðan við staðinn og er að éta úr bakkanum. Með hlýrri vetrum er mun meira um krapa og ísstíflur en áður var. Því hefur fylgt meira álag á eyjar og hólma í Laxá. Talið er nauðsynlegt að vernda hólmann til lengri tíma sem og veiðistaðinn.

Talið er nauðsynlegt að færa um 10-13 steina þannig að ekki étist meira úr hólmanum. Þetta eru steinar sem árin hefur fært úr stað í einhverjum ísstíflum í vetur. Með því myndi stöðvast rof á eyjunni sem einnig verndar veiðistaðinn sem er með betri stöðum árinna. Steinarnir liggja í farveginum og þarf einungis að endurraða. Munu þeir falla inn í umhverfið. Farið verður í framkvæmdir fyrir 13. júní og er reiknað með að þær taki um fjórar klukkustundir.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um fyrirhugaðar bakkavarnir kemur með eftirfarandi ábendingar. Um er að ræða stað- og tímabundnar aðgerðir sem ekki eru líklegar til að hafa veruleg neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins ef framkvæmdum verður hagað eins og þeim er lýst í greinargerðinni. Forðast skal óþarfa rask á bökkum Laxár og gæta þess að ekki berist mengun frá vinnuvélum sem geta verið skaðleg fyrir lífríkið. Þá þarf að hafa eftirlit með framkvæmdum meðan á þeim stendur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar bakkavarnir.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur